

FRÉTTATILKYNNING TIL KAUPHALLAR ÍSLANDS

Afkoma Landsvirkjunar fyrstu sex mánuði ársins 2007

Á fyrstu sex mánuðum ársins 2007 var hagnaður af rekstri Landsvirkjunar 19.132 milljónir króna. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði og skatta (EBIT) var 5.469 milljónir króna og handbært fé frá rekstri nam 4.026 milljónum króna. Samandreginn árshlutareikningur Landsvirkjunar er nú gerður samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum en var byggður á íslenskum reikningsskilavenjum árið áður. Eftirfarandi samanburður miðast við að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum hefði verið beitt frá ársbyrjun 2006.

Helstu stærðir árshlutareiknings eru (í milljónum króna):

	SAMSTÆÐA	
	Jan-júní 2007	Jan-júní 2006
Rekstrartekjur	10.753	10.013
Rekstrargjöld	(5.284)	(5.237)
Rekstrarhagnaður	5.469	4.776
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	20.547	(13.741)
Hagnaður (tap) fyrir skatta	26.016	(8.965)
Tekjuskattur	(6.884)	11.534
Hagnaður	19.132	2.569
	30.6.2007	31.12.2006
Eignir samtals	293.523	276.191
Eigið fé	101.239	82.649
Skuldir	192.284	193.542
Handbært fé frá rekstri	4.026	5.588
EBITDA	7.771	7.024
Eiginfjárlutfall	34,5%	29,9%

Sem fyrr ræðst afkoma Landsvirkjunar að verulegu leyti af þróun á gengi íslensku krónunnar en stór hluti langtímaskulda fyrirtækisins eru í erlendri mynt. Gengishagnaður tímabilsins nam 18,6 milljörðum króna. Gengisvísitalan var 129,2 í lok síðasta árs en var

114,0 í lok júní 2007. Í ljósi þeirra sveiflna sem hafa verið að undanfögnu á gjaldeyrismarkaði er vakin athygli á því að breyting íslensku krónunnar á móti helstu myntum um 10% frá gildinu sem var í lok júní hefði breytt afkomu fyrirtækisins um 13 milljarða króna og er þá ekki tekið tillit til skattaáhrifa. Frá næstu áramótum verður bandaríkjadollar starfrækslugjaldmiðill Landsvirkjunar.

Breytingar eru á árshlutareikningnum vegna upptöku alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Breytingin hefur þau heildaráhrif á eigið fé samstæðunnar að bókfært eigið fé í ársbyrjun 2007 hækkar um 19,9 milljarða króna eða úr 62,7 milljörðum króna í 82,6 milljarða króna. Helsta skýringin er sú að áhrif afleiða eru nú færð í reikningsskil fyrirtækisins. Landsvirkjun hefur metið gangvirði innbyggðra afleiða í raforkusamningum fyrirtækisins til stóriðju. Jákvætt gangvirði afleiða sem fært er til eignar í lok júní 2007 nemur um 45,4 milljörðum króna, einkum vegna þess að heimsmarkaðsverð á áli er mjög hátt um þessar mundir. Neikvætt gangvirði þeirra afleiðusamninga sem fyrirtækið hefur gert í áhættuvarnarskyni nam 9,5 milljörðum króna í júnílok sem kemur til lækkunar á eigin fé. Gangvirðisbreyting afleiðusamninganna var að frádregnum áhættuvörnum jákvæð um 4,1 milljarð króna á tímabilinu janúar til júní 2007 sem skýrist einkum af hækkun á framvirku verði áls á heimsmarkaði.

Á árinu 2003 hófust virkjunarframkvæmdir við Kárahnjúka í framhaldi af gerð orkusölusamnings við Fjarðaál, dótturfélag Alcoa. Þar hefur verið reist 690 MW aflstöð og jafnframt lagðar flutningslínur til Reyðarfjarðar. Nánari lýsing á framkvæmdum er að finna á heimasíðu virkjunarinnar www.karahnjukur.is. Helstu nýframkvæmdir á fyrstu sex mánuðum ársins tengdust Kárahnjúkavirkjun.

Í lok júní námu heildareignir fyrirtækisins 293,5 milljörðum króna og eiginfjárhlutfall var 34,5%.

Horfur um rekstur Landsvirkjunar eru góðar fyrir árið 2007. Fljótsdalsstöð verður tekin í notkun á árinu og munu tekjur af raforkusölu til stóriðju auka heildartekjur fyrirtækisins. Gengisþróun og þróun álverðs mun þó ráða miklu um afkomu ársins.

Árshlutareikningur Landsvirkjunar var samþykktur á fundi stjórnar þann 23. ágúst 2007.

Nánari upplýsingar veitir Stefán Pétursson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, í síma 5159000.

Reykjavík, 23. ágúst 2007